



HRUNAMANNAHREPPUR

18. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 10. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. OKTÓBER 2011
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 6. október kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Tillaga að gjaldskrá Pésans.
2. Þorsteinn Sæmundsson: Leiðrétting fasteignagjalda.
3. Húsaleigubætur námsmanna.
4. Plast og Suða: Samningur um snjómokstur.
5. Fjallskil: Ákvörðun um hlutfallsprósentu landsverðs og gjald á vetrarfóðraða kind.
6. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsögn vegna veitingareksturs.
7. Velferðarráðuneytið: Aðgerðaráætlun um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum.
8. Umhverfisráðuneytið: Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og innleiðing á rammatilskipun ESB um úrgang.
9. Árni Hjaltason. Stefna.
10. Ársþing SASS.
11. Aðalskipulag: Birtingaholt.
12. Samband íslenskra Sveitarfélaga. Ungmennaráð sveitarfélaga.
13. Umsókn um framkvæmdaleyfi: Borhola í Keis.
14. Samband íslenskra sveitarfélaga: Áhrif nýrra sveitarstjórnarlaga á stjórnsýslu sveitarfélaga.
15. Tæming rotþróa í Hrunamannahreppi.
16. Endurskoðun gatnagerðargjalda.
17. Upplit: Beiðni um afnot af félagsheimili á safnahelgi 5. nóv. n.k.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

18. Veitustjórn: Fundargerð 13. fundar frá 26. september s.l.
19. Veitustjórn: Fundargerð 14. fundar frá 5. október.
-fundargerð liggur frammi á fundinum-
20. Ferða og menningarnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 30. maí s.l.
21. Ferða og menningarnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 16. ágúst s.l.
22. Ferða og menningarnefnd: Fundargerð 10. fundar frá 29. ágúst s.l.
23. Fræðslunefnd: Fundargerð 9. fundar vegna Undralands frá 26. september s.l.
24. Fræðslunefnd: Fundargerð 11. fundar vegna Flúðaskóla frá 26. september s.l.
25. Umhverfisnefnd. Fundargerð 4. fundar frá 3. október.
-fundargerð liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

26. Fundur oddvita Laugaráslæknishéraðs: Fundargerð frá 20. september s.l.
27. Velferðarnefnd. 1. fundur Velferðarnefndar frá 31. ágúst s.l.
28. Velferðarnefnd. 2. fundur Velferðarnefndar frá 14. september s.l.
29. 39. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 22. september s.l. og 70. afgreiðslufundur frá 13. september s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 206. stjórnarfundar frá 19. september s.l.
- b. SASS: Fundargerð 446. stjórnarfundar frá 9. september sl.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 135. stjórnarfundar frá 9. september s.l.
- d. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 302. stjórnarfundar frá 7. september s.l.
- e. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 131. stjórnarfundar 18. ágúst s.l.

- f. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 132. stjórnarfundar 1. september s.l.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 789. stjórnarfundar frá 9. september sl.

Kynningarmál:

- h. Umhverfisráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru.
- i. Fannborg: Slóð í Kisubotna.
- j. Umsögn vegna rannsóknarborholu í fjallinu Keis í Kerlingarfjöllum.
- k. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlög úr Jöfnunarsjóði vegna tónlistarnáms.
- l. Nefnd um eflingu sveitarstjórnarstígsins: Minnisblað.
- m. Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4X4: Stikun á Leppistunguleið.
- n. Eftirlitsnefnd með Fjármálum sveitarfélaga: Fjármál sveitarfélaga 2010.
- o. Innanríkisráðuneytið: Uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignatekna 2011.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Skýrsla um úttekt á gjaldskrá og reglum sveitarfélaga vegna þjónustu leikskóla.
- q. Rögnvaldur Guðmundsson: Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar.
- r. Velferðavaktin: Hvatning velferðavaktarinnar í upphafi skólaárs
- s. Markaðsstofa Suðurlands: Nýr landshlutabæklingur kominn út.

Fundir framundan:

- t. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2011 þann 12. október.
- u. Fjármálaráðstefna sveitarfélagana 2011 þann 13-14. október.
- v. Umhverfisþing þann 14. október á Hótel Selfoss.
- w. SASS: Ársþing Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga á Vík 28-29. október.

Skýrsla á skrifstofu:

- x. *Brunamálsstofnun: Árskýrsla 2010.*

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Tillaga að gjaldskrá Pésans.**
Oddviti kynnti tillögu að gjaldskrá fyrir Pésann. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá.
2. **Þorsteinn Sæmundsson: Leiðrétting fasteignagjalda.**
Oddviti kynnti erindi frá Þorsteini Sæmundssyni sem á sumarhús í Núpstúni, þar sem hann biður um leiðréttingu á fasteignagjöldum vegna rangrar skráningar á landstærð lóðar í fasteignaskrá. Hreppsnefnd ber ekki ábyrgð á að eigendur skrái réttar upplýsingar inn í þinglýsingarbækur eða fasteignamat sem er grundvöllur gjaldskyldu og ef einhver mistök hafa átt sér stað er það ekki á ábyrgð Hrunamannahrepps. Hrunamannahreppur mun hins vegar við álagningu gjalda fyrir árið 2012 miða við hinar nýju skráðu upplýsingar.
3. **Húsaleigubætur námsmanna.**
Oddviti kynnti reglur um húsaleigubætur til námsmanna sem eiga lögheimili í Hrunamannahreppi en leigja húsnæði og sækja nám í önnur sveitarfélög en fyrirspurn hefur borist um málið. Valkvætt er fyrir sveitarfélög hvort greiddar séu húsaleigubætur til námsmanna þegar þeir eru í sumarleyfi. Hreppsnefnd samþykkir að frá og með sumrinu 2012 muni sveitarfélagið greiða námsmönnum sem sannarlega eru í námi húsaleigubætur í sumarleyfi.
4. **Plast og Suða: Samningur um snjómokstur.**
Oddviti kynnti samning við Plast og Suðu ehf um snjómokstur á stígum og götum á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
5. **Fjallskil: Ákvörðun um hlutfallsprósentu landsverðs og gjald á vetrarfóðraða kind.**
Oddviti kynnti málið og lagði fram yfirlit um þá sem skráðir eru fyrir landi og eiga að greiða fjallskil í Hrunamannahreppi. Meiri hluti hreppsnefndar samþykkir að vegna ársins 2011 greiði landeigendur 1,3% af landverði í fjallskil og þeir sem halda fé greiði kr. 68 á hverja vetrarfóðraða kind. Esther og Gunnar Þór samþykkja bókunina með þeim fyrirvara að erindið verði sent landbúnaðarnefnd og samþykkt þar.
6. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsögn vegna veitingareksturs.**
Oddviti lagði fram beiðni frá sýslumanninum á Selfossi um umsögn hreppsnefndar vegna umsóknar endurnýjunar rekstrarleyfis Útlagans á Flúðum. Meiri hluti hreppsnefndar samþykkir umsóknina en þó þannig að rekstrarleyfi verði einungis veitt til eins árs frá útgáfu þess.

Hreppsnefnd hefur samþykkt að taka land eignarnámi við veitingahúsið undir veg að Bakkatúni og umsækjandi hefur höfðað dómsmál varðandi staðfestingu eignarnámsins og til vara uppkaupsskyldu. Að auki er veitingastaðurinn staðsettur á skiplögðu íbúðarsvæði og með stöðuleyfi að hluta. Af þessum sökum er ekki mælt með að veita ofangreint leyfi nema til eins árs fyrr en niðurstaða dómsmálsins liggur fyrir. Esther og Gunnar Þór sitja hjá við afgreiðslu málsins en taka fram að þau eru ekki andsnúin leyfisveitingunni.

7. Velferðarráðuneytið: Aðgerðaráætlun um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum.

Oddviti kynnti hvatningu frá Velferðarráðuneytinu um að sveitarfélögin setji sér áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum. Hreppsnefnd vísar málinu til Velferðarnefndar Árnesþings.

8. Umhverfisráðuneytið: Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og innleiðing á rammatilskipun ESB um úrgang.

Oddviti kynnti málið. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að finna hentugan fundartíma með fulltrúum Umhverfisráðuneytisins um málið.

9. Árni Hjaltason. Stefna.

Oddviti kynnti dómsmál sem Árni Hjaltason hefur höfðað á hendur Hrunamannahreppi vegna kröfu um eignarnám vegna Bakkatúnsvegar. Meiri hluti hreppsnefndar felur Helga Jóhannessyni hrl að taka til varna í málinu. Esther og Gunnar Þór sitja hjá við afgreiðslu málsins.

10. Ársþing SASS.

Ársþing SASS verður haldið í Vík í Mýrdal 28.-29. október n.k. Hreppsnefnd samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á ársþingi SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Ragnar Magnússon, Unnsteinn Eggertsson og Esther Guðjónsdóttir en til vara Halldóra Hjörleifsdóttir og Bjarney Vignisdóttir. Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri og til vara Ragnar Magnússon.

11. Aðalskipulag: Birtingaholt.

Lögð fram tillaga að lýsingu skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna aðalskipulagsbreytingar á landi Birtingaholts 5. Samkvæmt lýsingu er fyrirhugað að breyta u.þ.b. 5 ha svæði sem liggur upp að landamörkum við Sóleyjarbakka og þjóðvegi úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði. Fyrirhugað er að nýta svæðið fyrir vinnslu á lífrænum úrgangi og annarri starfsemi því tengdu. Sveitarstjórn samþykkir lýsinguna með smávægilegum breytingum er varðar kynningu og samráð. Skipulagsfulltrúa er falið að kynna lýsingu fyrir íbúum og ábúendum Birtingaholtstorfunnar, eigenda Sóleyjarbakka auk þess að óska eftir umsögn Skipulagsstofnunar. Fyrir liggur umsögn Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar varðandi fyrirhugaða starfsemi.

12. Samband íslenskra Sveitarfélaga. Ungmennaráð sveitarfélaga.

Oddviti kynnti erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að sveitarfélög hlutist til um stofnun ungmennaráða. Hreppsnefnd samþykkir að fela oddvita í samstarfi við forstöðumann félagsmiðstöðvar að kanna stofnun ungmennaráðs og eftir atvikum skoða hvort stofna eigi sameiginlegt ungmennaráð í Uppsveitum.

13. Umsókn um framkvæmdaleyfi: Borhola í Keis.

Oddviti kynnti umsókn Fannborgar um framkvæmdaleyfi til borunar rannsóknarholu í fjallinu Keis og umsögn Skipulagsstofnunar. Hreppsnefnd vísar til fyrri bókunar sinnar og felur Skipulagsstjóra að gefa út framkvæmdaleyfi þegar samþykki landeiganda liggur fyrir.

14. Samband íslenskra sveitarfélaga: Áhrif nýrra sveitarstjórnarlaga á stjórnsýslu sveitarfélaga.

Oddviti kynnti yfirlit yfir áhrif nýrra sveitarstjórnarlaga sem Guðjón Bragason, sviðstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að vinna að nýjum samþykktum fyrir sveitarfélagið í kjölfar gildistöku nýju laganna.

15. Tæming rotþróa í Hrunamannahreppi.

Oddviti kynnti málið. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vinna að útboði vegna vinnu við tæmingu rotþróa í Hrunamannahreppi. Jafnframt er sveitarstjóra falið að kanna hvort landeigendur í Hrunamannahreppi séu tilbúnir til að skoða nýtingu á afsetningu fastefnis rotþróa til skógræktar eða landgræðslu.

16. Endurskoðun gatnagerðargjalda.

Oddviti lagði fyrir hreppsnefnd uppreiknaða gjaldskrá gatnagerðargjalda frá árinu 2007 til 2011 en þau hafa hækkað um rúm 50% vegna vísitölubreytinga. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að vinna tillögu um lækkun gatnagerðargjalda og leggja fyrir næsta fund.

17. Upplit: Beiðni um afnot af félagsheimili á safnahelgi 5. nóv. n.k.

Oddviti kynni beiðni Upplits um gjaldfrí afnot af félagsheimili Hrunamanna vegna safnahelgarinnar 5.-6. nóvember nk. en til stendur að halda safnarsýningu 5. nóvember á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir erindið.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

18. Veitustjórn: Fundargerð 13. fundar frá 26. september s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 13. fundar veitustjórnar. Farið var yfir rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða, skoðaðar lagnaleiðir og verðtilboð í lagningu Reykja- og Skarðsveitu, farið yfir vatnsmál í Laugarkrók, reikningagerð hitaveitunnar og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

19. Veitustjórn: Fundargerð 14. fundar frá 5. október.

Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar veitustjórnar. Lögð voru fram drög að samningum við Skarð, Sandlækjarholts- og Reykjatorfuna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um lagningu vatnsveitu á lögbýlin og erindi frá Hitaveitu Grafarhverfis. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

20. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 30. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Ferða- og menningarnefndar frá 30. maí í vor. Þar voru umræður um nýtingu Hrunaheiða fyrir hrossastóð og uppbyggingu á stóðréttum. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

21. Ferða og menningarnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 16. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Ferða- og menningarnefndar frá 16. ágúst. Þar var fyrirhuguð uppskeruhátíð á dagskrá. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og lýsir ánægju með skipulagningu og framkvæmd Uppskeruhátíðarinnar.

22. Ferða og menningarnefnd: Fundargerð 10. fundar frá 29. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Ferða og menningarnefndar frá 29. ágúst. Þar var Brúarhátíð/vígsla Hvítárbrúar á dagskrá. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og þakkar öllum þeim sem stóðu að skipulagningu og framkvæmd vígsluhátíðarinnar auk þeirra sem tóku þátt í vígslunni.

23. Fræðslunefnd: Fundargerð 9. fundar vegna Undralands frá 26. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Undralands frá 26. september s.l. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, ársskýrslu og starfsáætlun, starfsmannamál, skólaping og stefnumótun, nýja aðalnámskrá o.fl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina

24. Fræðslunefnd: Fundargerð 11. fundar vegna Flúðaskóla frá 26. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Flúðaskóla frá 26. september s.l. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, stefnumótun og skólaping, heilsueflandi skóla, mötuneyti og aðkomu Matís og umsókn um greiðslu kostnaðar vegna skólasóknar barns í Reykjavík. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina en Ragnar víkur sæti við ákvörðun síðasta liðar fundargerðarinnar.

25. Umhverfisnefnd. Fundargerð 4. fundar frá 3. október.

Oddviti kynnti fundargerð umhverfisnefndar frá 3. október sl. Fjallað var um þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, losun lífræns úrgangs á gámasvæði og frágang gámsvæðis. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og felur sveitarstjóra að hafa samband við garðyrkjubændur um að ekki verði unnt að taka á móti lífrænum úrgangi á gámasvæði nema plastbönd og önnur ólífræn efni verði fyrst fjarlægð úr honum.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

26. Fundur oddvita Laugaráslæknishéraðs: Fundargerð frá 20. september s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 2. fundar frá 20. september s.l. Þar var m.a. kosning formanns, farið yfir ársreikning og rædd ráðstöfun sjóðs og eigna. Ferðamálafultrúi fór yfir ferðapjónustu og framtíðarsýn, fjallað um

samstarfssamnings uppsveita og Flóa um félagsþjónustu, launamál, aðalfund SASS, refa- og minkaveiðar, Nordregio og önnur mál. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.

27. Velferðarnefnd. 1. fundur Velferðarnefndar frá 31. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar nýrrar velferðarnefndar. Ákveðið var til að nefndin heiti Velferðarnefnd Arnesþings, ákveðinn fundartími og ritari nefndarinnar, og félagsmálastjóri lagði fram og kynnti tillögur að reglum og meðferð mála og hugmyndir að skipulagi og starfsmannahaldi. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.

28. Velferðarnefnd. 2. fundur Velferðarnefndar frá 14. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar nýrrar velferðarnefndar. Farið var yfir og samþykktar tillögur að reglum og meðferð barnaverndarmála, nýjar reglur um fjárhagsaðstoð, landsfund jafnréttisnefnda og fl. mál. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina og samþykkir nýjar reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála hjá starfsmönnum velferðarnefndar og nýjar reglur um fjárhagsaðstoð.

29. 39. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 22. september s.l. og 70. afgreiðslufundur frá 13. september s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 39. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 22. sept. 2011 en þar var farið yfir 2 mál fyrir Hrunamannahrepp og 2 sameiginleg. Farið var yfir mál nr. 1, samþykkt stöðuleyfi fyrir vinnuskúr á Grafarbakka 2b, Farið var yfir mál nr. 7, fundargerð 70. afgreiðslufundar frá 13. sept. Þar voru 2 mál tekið fyrir sem tengdist Hrunamannahreppi. Mál nr. 8, drög að verklagsreglum byggingarfulltrúa vegna aðgerða vegna óleyfisframkvæmda og umhirðu fasteigna sem var samþykkt. Mál nr. 13, deiliskipulag í landi Grafar samþykkt hvað varðar vegtengingar. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina að öðru leyti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 206. stjórnarfundar frá 19. september s.l. Fundargerð lögð fram.
- b. SASS: Fundargerð 446. stjórnarfundar frá 9. september sl. Fundargerð lögð fram.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 135. stjórnarfundar frá 9. september s.l. Fundargerð lögð fram.
- d. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 302. stjórnarfundar frá 7. september s.l. Fundargerð lögð fram.
- e. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 131. stjórnarfundar 18. ágúst s.l. Fundargerð lögð fram.
- f. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 132. stjórnarfundar 1. september s.l. Fundargerð lögð fram.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 789. stjórnarfundar frá 9. september sl. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- h. Umhverfisiráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru. Lagt fram til kynningar.
- i. Fannborg: Slóð í Kisubotna. Lagt fram til kynningar.
- j. Umsögn vegna rannsóknarborholu í fjallinu Keis í Kerlingarfjöllum. Lagt fram til kynningar.
- k. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlög úr Jöfnunarsjóði vegna tónlistarnáms. Lagt fram til kynningar.
- l. Nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins: Minnisblað. Lagt fram til kynningar.
- m. Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4X4: Stikun á Leppistunguleið. Lagt fram til kynningar.
- n. Eftirlitsnefnd með Fjármálum sveitarfélaga: Fjármál sveitarfélaga 2010. Lagt fram til kynningar.
- o. Innanríkisráðuneytið: Uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignatekna 2011. Lagt fram til kynningar.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Skýrsla um úttekt á gjaldskrá og reglum sveitarfélaga vegna þjónustu leikskóla. Lagt fram til kynningar.

- q. Rögvaldur Guðmundsson: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar. Lagt fram til kynningar.
- r. Velferðavaktin: Hvatning velferðavaktarinnar í upphafi skólaárs. Lagt fram til kynningar.
- s. Markaðsstofa Suðurlands: Nýr landshlutabæklingur kominn út. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- t. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2011 þann 12. október. Lagt fram til kynningar.
- u. Fjármálaráðstefna sveitarfélagana 2011 þann 13-14. október. Lagt fram til kynningar.
- v. Umhverfisþing þann 14. október á Hótel Selfoss. Lagt fram til kynningar.
- w. SASS: Ársþing Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga á Vík 28-29. október. Lagt fram til kynningar.

Skýrsla á skrifstofu:

- x. *Brunamálsstofnun: Árskýrsla 2010.* Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.10.